

Náttúrustofa Vestfjarða Starfsemin og framtíðarsýnin



Anna Guðrún Edwardsdóttir

September 2004

NV nr. 13-04

Inngangur

Í þessari skýrslu verður fjallað um starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða og þau framtíðarmarkmið sem stjórn stofunnar og starfsmenn hennar hafa sett sér að ná til þess að efla hana. Með því að efla starfsemina og auka þann þátt sem snýr að rannsóknum í náttúruvísindum á Vestfjörðum styrkist það samfélag sem stofan starfar í og þekking í málaflokknum eykst.

Starfsemin

Náttúrustofa Vestfjarða er ein af sjö náttúrustofum sem stofnaðar voru með lögum frá 1997. Þær starfa á vegum sveitarfélaga og gerður var samningur milli ríkis og þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstrinum. Abyrgð á rekstri og starfsemi náttúrustofa er hjá þeim sveitarfélögum sem gert hafa samning um rekstur þeirra. Samkvæmt lögum nr. 92/2002 skal framlag ríkissjóðs til náttúrustofu “miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs stofunnar.” Í lögnum kemur einnig fram að fjárskuldbindingar sveitarfélaga vegna reksturs náttúrustofa skal miðast við 30% af framlagi ríkisins.

Hlutverk náttúrustofa er samkvæmt lögnum:

- a) að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufer og stunda vísindalegar náttúruvísindisrannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar
- b) að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga
- c) að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni
- d) að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila
- e) að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra

Náttúrustofa Vestfjarða var stofnuð árið 1997 og er staðsett í Bolungarvík. Bolungarvíkurkaupstaður hefur, eitt sveitarfélaga á Vestfjörðum, rekið stofuna frá upphafi því ekki hefur náðst samkomulag við önnur sveitarfélög að koma að rekstri hennar. Stofan sinnir verkefnum fyrir ríki, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki.

Í lögnum er gefin heimild til þess að tengja náttúrustofur söfnum og sýningum. Því hefur Bolungarvíkurkaupstaður gert samning við Náttúrustofu Vestfjarða um að stofan skuli hafa umsjón með Náttúrugripasafni Bolungarvíkur enda er húsnæði þessara tveggja stofnana samtengt.

Markmið, leiðir og rökstuðningur

Með starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða skal stefnt að því:

1. að móta stefnu Náttúrustofu Vestfjarðar til framtíðar og kynna hana ríki og sveitarfélögum auk annarra samstarfsaðila
2. að fá leiðréttingu á launaviðmiði ríkisins vegna launa forstöðumanns stofunnar og að ná samkomulagi við umhverfisráðuneytið/ríkisvaldið um niðurfellingu launaskulda Náttúrustofu Vestfjarða við Bolungarvíkurkaupstað
3. að föst framlög ríkis og sveitarfélaga verði um 70% af grunnrekstri hennar og um 30% teknanna komi frá ýmsum sérverkefnum sem stofan vinnur fyrir stofnanir og fyrirtæki og í formi styrkja
4. að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða með fleiri og fjölbreyttari verkefnum
5. að efla fræðsluhlutverk Náttúrustofu Vestfjarða og efla samvinnu við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur og önnur söfn á svæðinu
6. að auka samstarf og samvinnu náttúrustofa á landinu
7. að staða minjavarðar verði staðsett hjá Náttúrustofunni

Náttúrustofa Vestfjarða leggur áherslu á að nýta mannauð og þekkingu starfsmanna stofunnar og fagmennsku þeirra. Á því byggist starfsemi stofunnar.

Leiðir

1. til að ná því markmiði að móta stefnu Náttúrustofu Vestfjarða til framtíðar verður stjórn stofunnar ásamt forstöðumanni að sammælast um þá framtíðarsýn sem stefna ber að. Fara verður í stefnumótunarvinnu og bæði stjórn og starfsmenn stofunnar taka þátt í henni. Þá verður að kynna þessa stefnu öllum samstarfsaðilum stofunnar.

Rökstuðningur

Framtíðarsýn hverrar stofnunar eða fyrirtækis verður að vera skýr, mótuð og kynnt fyrir öllum starfsmönnum stofnunarinnar og samstarfsaðilum þannig að allir viti að hvaða marki sé verið að stefna. Til þess að móta þessa framtíðarsýn nánar er nauðsynlegt að fara í stefnumótunarvinnu þar sem allir starfsmenn taka þátt. Í slíkri vinnu er gott að fara í svokallaða SVÓT greiningu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri stofnunarinnar eru skoðaðir. Inn í þessa vinnu fléttast t.d. gerð starfslýsinga, undirbúningur starfsmannaviðtala og skoðað verður vinnuumhverfi og hvernig bæta má það, tækjabúnað, húsnæði og geymslumál.

Leiðir

2. til að ná því markmiði að ná samkomulagi við umhverfisráðuneytið/ríkisvaldið um niðurfellingu launaskulda Náttúrustofu Vestfjarða við Bolungarvíkurkaupstað og að fá leiðréttingu á launaviðmiði ríkisins vegna launa forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða verður að vinna málinu brautargengi með umhverfisráðherra með fulltingi þingmanna Norðvesturkjördæmis. Reynt verður að ná fram viðurkenningu

á því að ríkisvaldið greiði full laun forstöðumanns í framtíðinni eins og lög gera ráð fyrir.

Rökstuðningur

Framlag ríkisins til Náttúrustofu Vestfjarða er kr. 8.000.000 á ári sem skiptist þannig að kr. 4.000.000 fara í laun forstöðumanns en samkvæmt lögum ber ríkisvaldinu að greiða laun hans og kr. 4.000.000 fara í rekstur stofunnar.

Frá stofnun Náttúrustofu Vestfjarða 1997 hefur Bolungarvíkurkaupstaður þurft að leggja framlag til stofunnar í formi umframlæna forstöðumanns þar sem framlag ríkisins til þess þáttar dugar ekki fyrir launum og launatengdum gjöldum. Einnig er í framlagi ríkisins ekki gert ráð fyrir launum staðgengils í leyfum forstöðumanns. Það hefur kaupstaðurinn einnig greitt. Í dag er þessi launaskuld kr. 13.584.442 milljónir. Samningur sá sem Bolungarvíkurkaupstaður gerði við umhverfissráðuneytið um starfsemi náttúrustofunnar gildir til ársins 2007 og engin leið hefur verið að fá viðurkenningu umhverfissráðuneytisins á því að þetta launaframlag sé of lágt. Allir forstöðumenn náttúrustofa á landinu eru með svipuð launakjör og þar er það sama uppi á teningnum. Á meðan þetta fæst ekki leiðrétt safnast upp skuld við sveitarfélagið og rýrir möguleika stofunnar á að efla starfsemina og auka þjónustu við viðskiptavinum sína.

Leiðir

3. til að ná því markmiði að fjölga þeim sveitarfélögum á Vestfjörðum sem taka þátt í rekstri Náttúrustofu Vestfjarða verður að fara í viðræður við sveitarfélög á svæðinu um aðild þeirra að rekstri Náttúrustofunnar. Frá stofnun stofunnar hefur Bolungarvík, eitt sveitarfélaga á Vestfjörðum, staðið að rekstri hennar.

Rökstuðningur

Viljayfirlýsing liggur fyrir hjá Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi að taka þátt í rekstri Náttúrustofu Vestfjarða. Ísafjarðarbær hefur þó ekki enn viljað ganga frá samningi um þátttöku í rekstrinum og getur verið að tregi Bolungarvíkurkaupstaðar við að taka þátt í rekstri Byggðasafni Vestfjarða eigi þátt í að svona er málum komið. Ljóst er að Súðavíkurhreppur og önnur sveitarfélög munu ekki ganga frá samningi um rekstrarþátttöku nema Ísafjarðarbær gangi á undan með góðu fordæmi. Ræða þarf við forráðamenn þessara sveitarfélaga auk Bolungarvíkur um farsæla lausn málsins sem gæti falist í að Bolungarvík taki þátt í rekstri Byggðasafnsins og Ísafjarðarbær og önnur sveitarfélög tækju þátt í rekstri Náttúrustofunnar.

Skuld Náttúrustofunnar við Bolungarvíkurkaupstað sem er tilkomin vegna umfram greiddra launa er einnig ástæða þess að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum hafa hikað við að taka þátt í rekstri stofunnar. Það er því mikið í húfi að það takist að leysa það mál við ríkisvaldið.

Leiðir

4. til að ná því markmiði að föst framlög ríkis og sveitarfélaga til Náttúrustofu Vestfjarða verði 70% af grunnrekstri hennar og að 30% teknanna komi frá ýmsum sérverkefnum fyrir fyrirtæki og stofnanir í formi styrkja þarf að fara í viðræður við ríki og sveitarfélög um aukin fjárframlög til stofunnar.

Rökstuðningur

Náttúrustofum er komið á fót um landið með lögum þar sem fram kemur hvaða hlutverki þær eiga að gegna í samfélaginu og hvaða verkefnum þeim ber að sinna. Þær eru þjónustu- og rannsóknarstofnanir í eigu sveitarfélaga og reknar með stuðningi ríkisvaldsins og geta því ekki hagað rekstri sínum, að öllu leyti, eins og um einkafyrirtæki væri að ræða.

Í dag koma um 70% af rekstrartekjum Náttúrustofu Vestfjarða frá ýmsum sérverkefnum sem stofan vinnur fyrir stofnanir og fyrirtæki jafnt innan sem utan svæðisins. Einungis um 30% af rekstrartekjunum koma frá ríki og Bolungarvíkurkaupstað. Stöðugleika vantar því í starfsemi stofunnar, því við gerð fjárhagsáætlana stofunnar er ekki vitað hvort og þá hvaða verkefni stofan kemur til með að ná í yfir árið. Óvissa ríkir því varðandi mannahald og rekstur stofunnar almennt.

Til þess að reksturinn verði stöðugur og að stofan geti sinnt þeim verkefnum sem henni ber að gera samkvæmt lögum þurfa föst framlög ríkis og sveitarfélaga að verða um 70% af grunnrekstri hennar. Fyrir utan fasta framlag ríkisins og sveitarfélagisins hefur stofan fengið kr. 1.000.000 - 5.000.000 beint af fjárlögum undanfarin ár til rannsókna á Hornströndum. Hins vegar er þetta framlag einungis veitt frá ári til árs og veit stofan aldrei fyrr en rétt fyrir áramót hvort hún fái þetta framlag eður ei fyrir næsta fjárlagaár.

Gera þarf langtímasamninga bæði við ríki og sveitarfélög um aukningu á framlagi til stofunnar gegn því að hún sinni ákveðnum og stórum verkefnum, t.d. ofangreint Hornstrandarverkefni og önnur verkefni sem ríkisvaldið og sveitarfélög vilja að séu unnin.

Hægt er að líta á aukið framlag ríkisvaldsins til stofunnar sem byggðaframlag vegna stöðu hennar í samfélaginu. Með tilkomu Náttúrustofunnar hefur menntunarstig hækkað, fólk með menntun hefur flust í byggðarlagið og fjölbreytni í atvinnulífinu hefur aukist. Þá hefur Náttúrustofan tengsl við vísindasamfélög hér heima og erlendis þannig að margfeldisáhrif stofunnar eru mikil og gætu aukist fái stofan svigrúm til að stækka og þróast.

Leiðir

5. til þess að ná því markmiði að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða með fleiri og fjölbreyttari verkefnum er nauðsynlegt að efla samstarf og samvinnu stofunnar við ýmsar fræði- og vísindastofnanir hér á landi og erlendis með það fyrir augum að sækja um styrki til rannsókna og verkefna.

Rökstuðningur

Það er mikilvægt fyrir stofnun eins og Náttúrustofu Vestfjarða sem er eina stofnunin sinnar tegundar á svæðinu að koma sér upp samstarfsaðilum bæði hér á landi og erlendis. Við það einangrast ekki hin faglega þekking starfsfólksins og sú þekking sem stofnanir hefur aflað á svið náttúru-, umhverfismála og fornleifafræði verður hluti af því þekkingarsamfélagi sem stofnanir starfar í.

Verkefnastaða stofunnar er góð um þessar mundir en þar sem meirihluti rekstrartekna hennar kemur frá ýmsum verkefnum sem unnin eru fyrir stofnanir og fyrirtæki verður stofnanir að leita allra leiða til að auka fjölbreytni í starfseminni og auka umsvif hennar.

Einnig er það stofnunni lífsnauðsynlegt að vera í samstarfi við aðra því flestir þeirra styrkja sem hægt er að sækja um krefjast þess að stofnanir séu í samstarfi hvort sem um er að ræða hér heima eða erlendis. Til að tryggja slíkt er æskilegt að gera fleiri samstarfssamninga á sem fjölbreytilegustu sviðum starfseminnar.

Leiðir

6. til að ná því markmiði að efla fræðsluhlutverk Náttúrustofu Vestfjarða er nauðsynlegt að efla samstarf við Náttúrugripasafn Bolungarvíkur, önnur söfn og sýningar og efla tengsl við skóla og almenning á svæðinu.

Rökstuðningur

Eitt af hlutverkum Náttúrustofunnar, samkvæmt lögum, er fræðsluhlutverkið. Þar gegnir Náttúrugripasafn Bolungarvíkur, söfn og sýningar á svæðinu lykilhlutverki. Koma þarf á markvissu samstarfi stjórna Náttúrugripasafnsins og annarra safna og Náttúrustofunnar um sameiginleg markmið sem hafa það að leiðarljósi að efla fræðslu. Það er hægt að gera með því að koma á markvissu samstarfi við skóla svæðisins og námsefnisgerð sem unnin væri í samstarfi við náttúrufræðikennara. Möguleiki er á að fara í þróunarverkefni með viðkomandi skólum eða kennurum.

Til þess að efla tengslin við almenning er möguleiki á að halda stutta fyrirlestra um þær rannsóknir og verkefni sem Náttúrustofan hefur verið og er að vinna að.

Enn er eftir að ganga frá hljóðdeyfingu í lofti Náttúrugripasafnsins og hefur það mikil áhrif á starfsemi Náttúrugripasafnsins og Náttúrustofunnar. Í Náttúrugripasafninu er gert ráð fyrir fyrirlestrasal en þar sem ekki er búið að setja upp hljóðdeyfingu er ekki hægt að nota hann því bergmálið er mikið. Einnig vantar húsgögn og búnað til þess að hægt sé að fara að kenna, halda fyrirlestra og fundi.

Náttúrugripasafnið verður að vera lifandi safn og má ekki staðna. Því er nauðsynlegt að auka fjölbreytni í sýningum safnsins. Hugmynd er uppi um að koma upp stóru fiskabúri með sjávardýrum. Einnig ætti að vera hægt að skipta út sýningargripum.

Leiðir

7. til að auka samstarf Náttúrustofa á landinu þurfa stjórnir og forstöðumenn viðkomandi stofa að setja markmið og leiðir um það hvernig slíkt samstarf ætti að vera og á hvaða sviðum.

Rökstuðningur

Náttúrustofur á landinu stofnuðu samstarfssamtök, SNS árið 2002. Innan þeirra samtaka hafa náttúrustofurnar verði að þróa með sér samstarf og stendur sú þróunarvinna enn. Samstarf er á milli náttúrustofa en eins og er það frekar tilviljanakennt hvernig því er háttað. Aðallega hefur verið um að ræða vinnuskipti, þ.e. að ein stofa vinnur verk fyrir aðra og svo öfugt. Allar stofurnar eru að berjast við sama hlutinn, þ.e. að afla nægjanlegs fjármagns til þess að geta haldið starfsemi gangandi en hver stofa hefur verið að gera það ein og sér.

Með því að vinna saman og skipta með sér verkum ætti starfsemi stofanna að verða skilvirkari og skila fleiri verkefnum inn og þá um leið auknu fjármagni.

Leiðir

8. til að ná því markmiði að staða minjavarðar verði staðsett hjá Náttúrustofu Vestfjarða verður fyrst að breyta lögum um staðsetningu minjavarða.

Rökstuðningur

Samkvæmt lögum skipta minjaverðir Vesturlands og Norðurlands vestra Vestfjörðum á milli sín. Það er gríðarlega víðfemt svæði og erfitt yfirferðar enda hefur komið á daginn að slíkt fyrirkomulag hefur ekki gengið sem skyldi. Það hefur minjavörðurinn á Norðurlandi vestra bent á og þingmenn Norðvesturkjördæmis hafa lýst yfir vilja sínum að vinna að því að lögum verði breytt svo þetta verði mögulegt. Þá hafa sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum lýst yfir því að eðlilegast sé að minjavörður sé staðsettur á Náttúrustofunni.

Framtíðarsýn

Náttúrustofa Vestfjarða stefnir að því í framtíðinni að styrkja þá starfsemi sem fyrir er og auka fjölbreytni starfseminnar með fjölgun starfsmanna og aukinni fjölbreytni í verkefnum. Þá er stefnt að því að nýta mannauð stofnunarinnar á þann hátt að hæfileikar hvers og eins nýtist sem best.

Núverandi staða

Náttúrustofa Vestfjarða hefur verið starfandi síðan 1997. Á þeim tíma hefur hún unnið verkefni fyrir ríki, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á sviði náttúruvísinda, umhverfismála og fornleifafræði. Þau verkefni sem Náttúrustofan hefur/er að vinna um þessar mundir eru:

- **Vestfjarðarvegur. Bjarkarlundur – Eyri. Umhverfismat.**
 - a) fuglaathugun
 - b) fjöruathugun
 - c) gróðurathugun
 - d) fornleifaathugun

- e) straumvötn
- f) matsskýrsla

Unnið er fyrir Vegagerðina og áætlað er að áfangaskýrsla liggi fyrir í haust. Veturinn 2004 – 2005 verður þó unnið áfram að ofangreindum verkum.

- **Djúpvegur. Eyri – Hörtná.**

- a) Hrutey – leit að gulönd
- b) Samskipti við Skipulagsstofnun

Unnið er fyrir Vegagerðina og var verkinu lokið í ágúst 2004.

- **Stranddallaleið. Umhverfismat.**

- a) fuglaathugun
- b) gróðurathugun
- c) fornleifaathugun
- d) straumvötn
- e) matsskýrsla

Unnið er fyrir Leið ehf og áætlað er að skila áfangaskýrslu í október 2004. Unnið verður að matskýrslu veturinn 2004 – 2005.

- **Öryggissvæði við Ísafjarðarflugvöll. Matsskýrsla.**

- a) minnisblað um fugla

Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna og skil skýrslu var ágúst 2004.

- **Áhrif þverunar Dýra- og Öfundarfjarðar.**

- a) fuglaathugun
 - a1) áfangaskýrsla
 - a2) lokaskýrsla
 - a3) veggspjald á líffræðiráðstefnu í október 2004
- b) fjöruathugun
 - b1) sýnataka (er enn í athugun)

Um er að ræða styrk frá Vegagerðinni á Vestfjörðum. Enn á eftir að ganga formlega frá því.

- **Dýpkun á Bolungarvíkurhöfn. Matsskýrsla.**

- a) áfangaskýrsla
- b) lokaskýrsla

Unnið er fyrir Bolungarvíkurkaupstað og áætlað er að skila skýrslu í september 2004.

- **Mengunarathuganir.**

- a) LSA
- b) Ferilefni
- c) Straummælingar
- d) Dýptarmælingar
- e) Kortagerð

Unnið fyrir ríki og sveitarfélög með framlagi frá Norrænu ráðherranefndinni í samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir. Stefnt að lokum skýrslu í desember 2004.

- **Hitamælingar í Álftafirði.** Unnið fyrir styrk frá Atvinnuþróunarfélaginu og áætluð lokaskýrsla er í nóvember 2004.

- **Rætur birkis**

- a) mælingar á rötarmagni

Unnið að hluta til með styrk Vegagerðarinnar á Vestfjörðum. Áætlað að skila lokaskýrslu í desember 2004.

- **Kalkþörungur í Hrutafirði**

- a) dýptarmælingar

- b) botndýrarannsóknir

Skil skýrslu var í ágúst 2004.

- **Hornstrandarrannsóknir**

- a) refarannsóknir
 - a1) stöðuskýrsla
 - a2) senditæki (unnið í samstarf við alþjóðlegan leiðangur)
- b) fuglaathuganir
 - b1) straumönd (að hluta í samvinnu við HÍ)
- c) flugugildirur
- d) vatnarannsóknir

Unnið er fyrir styrk frá ríkisvaldinu og áætlað að skila áfangaskýrslu um alla liði verkefnisins nema b) liðinn árið 2004. Skýrsla um fuglaathuganir verður skilað í október 2004. Unnið verður að verkefninu veturinn 2004 – 2005.

- **Náttúrugripasafn Bolungarvíkur**

- a) umsjón
- b) safnvarsla
- c) uppbygging
- d) sýningar
- e) skólastarf – fræðsla

Unnið fyrir Bolungarvíkurkaupstað. Náttúrustofan er með samstarfssamning um umsjón safnsins.

- **Bláberjarannsóknir**

Samstarfsverkefni nokkurra aðila og fjármagnað með styrk.

- **Fiskeldi**

Botndýraathuganir á Austfjörðum og var lokaskýrsla tilbúin í ágúst 2004.

- **Fuglaathuganir**

- a) sandlóa (samstarfsverkefni)
- b) jaðrakan (aðstoðarverkefni)
- c) fuglamerkingar
- d) flórgoði (aðstoðarverkefni)

Þetta er samstarfsverkefni Náttúrustofunnar og nokkurra stofnana. Um er að ræða langtímaverkefni.

- **Botndýrarannsóknir á Siglufirði**

Skýrsla verður tilbúin í september 2004.

- **Pöddugreiningar fyrir almenning**

Þessi þáttur starfseminnar er alltaf í gangi og ekkert er tekið fyrir slíkt.

- **Tungudalsá**

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða og hefur lokaskýrslu verið skilað.

- **Kubbi. Umhverfismat**

- a) fuglaathuganir
- b) gróðurathuganir

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ og áætlað er að skila lokaskýrslu í september 2004.

- **Stekkur á Gálmaströnd - fornleifaathugun**

Unnið fyrir Vegagerð Vestfjarða og búið er að skila lokaskýrslu.

- **Skálavík. Doktorsverkefni í fornleifafræði – Verbúðir**

Samstarfsverkefni stofunnar og Ragnars Edvardssonar, deildarstjóra fornleifadeildar.

- **Fornleifar á Skeiði á Ísafirði**

Unnið fyrir Ísafjarðarbæ og lokaskýrsla er tilbúin.

- **Ráðstefnur**

- a) líffræðiráðstefna í Reykjavík í október 2004
- b) Filterbeds haldin í Reykjavík í september 2004

Á báðum þessum ráðstefnum verður Náttúrustofan með veggspjöld.

- **Skötuormarannsóknir**

- a) útbreiðsla
- b) líffræði
- c) atferli

Samstarf við nokkrar stofnanir og verður lokaskýrsla tilbúin í desember 2004.

Eins og staðan er í dag þá er nóg af verkefnum fram að áramótum 2004 en fyrir árið 2005 er ekki vitað hver verkefnastaðan verður.

Náttúrustofa Vestfjarða er þjónustu- og rannsóknarstofnun sem er í eigu sveitarfélaganna á Vestfjörðum (aðeins Bolungarvíkurkaupstaður rekur stofuna nú) en er rekin með fjárframlagi Bolungarvíkurkaupstaðar og ríkisins auk ýmissa verkefna fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Stofnendur og eigendur Náttúrustofu Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða er stofnuð af sveitarfélaginu Bolungarvík með stuðningi ríkisvaldsins. Önnur sveitarfélög á Vestfjörðum gáfu vilyrði um þátttöku í rekstri hennar en af því hefur ekki enn orðið. Sveitarfélög skipa í stjórn stofunnar og skipa hana þrjú menn. Stjórnin ræður forstöðumann, fjallar um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgist með fjárhag hennar og starfsemi.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða eru fimm, forstöðumaður í 100% starfi, sérfræðingur (líffræðingur) í 100% starfi, plöntuvistfræðingur í 30% starfi, rannsóknarmaður í 100% starfi og skrifstofustjóri í 70% starfi. Verkefnaráðnir eru: deildarstjóri fornleifadeildar og deildarstjóri þróunardeildar.. Þá eru ráðnir sumarafleysingastarfsmenn í þrjú mánuði, bæði fyrir Náttúrustofuna og Náttúrugripasafnið auk ýmissa fræðimanna sem vinna að ákveðnum sérverkefnum fyrir stofuna.

Forstöðumaður er í forsvari fyrir Náttúrustofuna í heild, stjórnar daglegum rekstri hennar og ræður að henni annað starfslið með samþykki stjórnar.

Sérfræðingur undirbýr vettvangsferðir, þ.e. skipuleggur vinnuna á vettvangi og er leiðangurstjóri. Hann vinnur að skýrslugerð fyrir verkefni, þ.e. skrifar skýrslu, vinnur úr gögnum, gerir kort og undirbýr skýrslu til viðtakanda.

Plöntuvistfræðingur vinnur að sértækum verkefnum fyrir stofuna í hlutastarfi.

Skrifstofustjóri sér um daglegan rekstur á skrifstofunni. Gengur frá reikningum fyrir bókun og sér um vinnuskýrslur starfsmanna stofunnar. Aðstoðar forstöðumann

við ýmis málefni sem koma upp. Einnig fer skrifstofustjóri í vettvangsferðir sé það nauðsynlegt. Þá kemur fyrir að skrifstofustjóri aðstoði á rannsóknarstofu.

Rannsóknarmaður vinnur ýmis störf sem til falla á Náttúrustofunni. Hann er rannsóknarmaður á rannsóknarstofu og sér um sýnasafn stofunnar. Tekur þátt í vinnu í vettvangsferðum, sér um daglegan rekstrur á bifreið stofunnar. Einnig er rannsóknarmaður safnvörður á Náttúrugripasafni eftir þörfum.

Deildarstjóri fornleifadeildar er verkefnaráðinn. Hann vinnur öll verkefni sem tengjast fornleifarannsóknum og umhverfismati fyrir Náttúrustofuna

Deildarstjóri þróunardeildar er ráðinn til sex mánaða. Hans hlutverk er að vinna að því að afla stofunni aukinna verkefna og samstarfsaðila og sækja um styrki bæði hérlendis og erlendis. Einnig á hann að vinna að skipulagsvinnu stofunnar og skoða sérstaklega fjármál hennar. Áframhaldandi ráðning hans ræðst af því hvernig til tekst.

Þjónustan

Náttúrustofa Vestfjarða er þjónustustofnun sem tekur að sér verkefni fyrir ríki, sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki á eftirtöldum sviðum:

- náttúruvísindum
- umhverfismálum
- fornleifafræði
- ferðamálum

Markaðssetning

Þar sem Náttúrustofan er að hluta til ríkisstyrkt hefur hún ekki markaðssett þjónustu sína á hinum almenna markaði. Hún heldur hins vegar úti heimasíðu þar sem fram koma ýmsar upplýsingar um starfsemi stofunnar. Það má velta því upp hér að þar sem sértekjur stofunnar af verkefnum fyrir fyrirtæki og stofnanir vítt og breitt um landið nema um 70% af tekjum hennar, hvort rétt sé að fara í markaðssetningu á hinum almenna markaði.

Sérstaða

Sérstaða Náttúrustofu Vestfjarða felst fyrst og fremst í því að þetta er eina stofnun sinnar tegundar á Vestfjörðum og á hún að þjóna öllu svæðinu. Einnig felst sérstaðan í mannauð stofunnar því starfsmenn hennar eru vel menntaðir á þeim sviðum sem stofan starfar á og þekktir fyrir vel unnin störf. Stofan vill alltaf gera betur og er að vinna í því að koma sér upp tækjum til þess að auka vinnuhraða og tryggja jafnari gæði vinnunnar. Með þessu er átt við stöðluð skýrsluform, samræmdar vinnuaðferðir verkefna, gátlista o.fl.

Ytri aðstæður

Styrkleikar stofunnar felast fyrst og fremst í mannauðnum, menntun og reynslu þeirra sem þar starfa. Þá er náttúra, dýra- og mannlíf svæðisins styrkleiki því það býður upp á óþrjótandi rannsóknarmöguleika sem koma þarf á framfæri við vísindasamfélög hérlendis sem erlendis.

Veikleikarnir felast í hve miklar fjarlægðir eru á milli staða á svæðinu, hve svæðið er stórt og oft erfitt yfirferðar. Þá er fámenni svæðisins veikleiki og lágt menntunarstig. **Ógnanir** eru fólksflótti af svæðinu, minnkandi tekjur þeirra sem hugsanlega kaupa þjónustu af stofunni.

Tækifærin felast í þeim möguleikum sem Vestfirðir bjóða upp á til að stunda rannsóknir á náttúru-, dýra- og samfélagi.

Hver er þörfin?

Á þeim tíma sem stofnunin hefur starfað hefur hún haft næg verkefni á sviði náttúruvísinda, umhverfismála og fornleifafræði. Leitað hefur verið til Náttúrustofunnar bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja. Sú þjónusta, rannsóknir og greining sem stofnanir gerir er ekki gerð annars staðar á Vestfjörðum. Verið er að vinna að eflingu stofunnar á fleiri fræðasviðum og auka þannig möguleika hennar á að stækka.

Markaðsstærð

Stærð þess markaðar sem Náttúrustofa Vestfjarða vinnur á er aðallega Vestfirðir en þó hefur stofnanin sinnt verkefnum í öðrum landshlutum. Það mun hún gera áfram og vinna að stækkun þess markaðar.

Markhópur

Sá markhópur sem stofnanir hefur mest verið að vinna fyrir eru ýmisar stofnanir og fyrirtæki hér á svæðinu og utan þess. Stefnt er að því að auka þá hlutdeild fastra langtímaverkefna sem koma frá ríki og sveitarfélögum.

Markaðssvæði í forgangsröð

Sá markaður sem stefnt er að að ná eru fleiri verkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga á starfssviði stofunnar. Þá er stefnt að aukningu á verkefnum hjá sveitarfélögum, stofnunum og fyrirtækjum fyrir utan Vestfirði.

Kröfur viðskiptavinarins

Viðskiptavinirnir gera kröfu á fagleg vinnubrögð og að þær áætlanir um skil á skýrslu um viðkomandi verkefni standist, þ.e. tíma- og fjárhagsáætlanir. Stefna stofunnar í þeim efnum er að öll vinnubrögð, hvort sem um er að ræða öflun gagna eða frágang skýrslna verði ávallt fyrsta flokks.

Aðrar stofnanir

Engin sambærileg starfsemi er í fjórðungnum eins og stendur nema á sviði fornleifarannsóknna. Taka þarf upp samstarf við stofnanir og fyrirtæki sem starfa á sviðum stofunnar.

Kynning og dreifing

Heimasíða Náttúrustofunnar þarf að vera lifandi og uppfærð reglulega. Þar eiga ekki að vera úreltar upplýsingar. Þá er Náttúrugripasafnið andlit Náttúrustofunnar og gæta verður þess að það sé lifandi safn sem laði til sín ferðamenn, skólafólk og almenning.

Ímynd

Ímynd stofunnar er vel menntað starfsfólk með mikla reynslu á sínu fræðasviði.

Næstu skref

Eins og fram kemur í markmiðskaflanum ætlar Náttúrustofa Vestfjarða sér stóra hluti í framtíðinni. En það verður ekki gert nema með aðstoð fjárveitingavaldsins. Þau markmið sem stjórn Náttúrustofunnar og bæjaryfirvöld í Bolungarvík leggja áherslu á að leyst verði í samvinnu við ríkisvaldið eru:

1. að ná samkomulagi við umhverfisráðuneytið/fjárveitingavaldið um niðurfellingu launaskuldar Náttúrustofu Vestfjarða við Bolungarvíkurkaupstað og að fá leiðréttingu á launaviðmiði ríkisins vegna launa forstöðumanns stofunnar.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofu Vestfjarða fyrir árið 2003 er launaskuldin frá árinu 1997 komin í kr. 13.584.442. Þessi tala fer hækkandi með hverju árinu sem líður því framlag umhverfisráðuneytisins til stofunnar hækkar ekki og verður kr. 8.000.000 fram til ársins 2007. Af þessum kr. 8.000.000 fara kr. 4.000.000 í launakostnað forstöðumanns samkvæmt samningi sem umhverfisráðuneytið gerði við Bolungarvíkurkaupstað frá desember 2002. Okkur reiknast til að til þess að standa undir launakostnaði við forstöðumann vanti kr. 3.500.000 á ári.

Í lögnum um Náttúrustofur nr. 60/1992 segir í 4. gr. “Framlag ríkissjóðs til náttúrustofa er ákveðið í fjárlögum hverju sinni og miðast við fjárhæð sem nemur launum forstöðumanns í fullu starfi að viðbættri fjárhæð sem er allt að jafnhá þeirri fjárhæð og rennur hún til reksturs náttúrustofu.” Hér kemur það ótvírætt fram að ríkisvaldinu ber að greiða forstöðumanni laun. Laun forstöðumanns eru í fullu samræmi við laun annarra forstöðumanna náttúrustofa á landinu en þau taka mið af kjarasmamningi Félags náttúrufræðinga og Launanevndar sveitarfélaganna.

Þá er það langtímamarkmið að vinna að því í samvinnu við umhverfisráðuneytið að fá leiðréttingu á þessu launaviðmiði þegar að samningurinn rennur út árið 2007 og fá það hækkað sem nemur launum forstöðumanns. Fortíðarvandann þarf hins vegar að leysa og er það einungis gert með aðstoð ríkisvaldsins.

2. að föst framlög ríkis og sveitarfélaga verði um 70% af grunnrekstri stofunnar og um 30% teknanna komi frá ýmsum sérverkefnum sem stofan vinnur fyrir fyrirtæki og í formi styrkja.

Þar sem Náttúrustofa Vestfjarða er þjónustustofnum í eigu sveitarfélaga og rekin með stuðningi ríkisins er þetta ekki óeðlilegt markmið. Til þess að þetta náist þarf stofan fleiri langtímaverkefni þannig að hún geti markað stefnuna fram í tímann. Eins og staðan er nú getur hún það ekki og er í sífelldu harki, reyndar með góðum árangri enn sem komið er.

Náttúrustofan hefur fengið af fjárlögum kr. 5.000.000 árið 2003 til rannsókna á Hornströndum. Hins vegar er ljóst að mikilvægi Hornstrandasvæðisins er að aukast, ekki síst vegna þeirra loftslagsbreytinga sem nú eiga sér stað á norðurslóð. Þar þarf

Því að auka rannsóknir vegna loftslagsbreytinga á náttúru og lífríki lands og sjávar. Þau langtímaverkefni sem Náttúrustofan gæti sinnt væru:

- a) uppsetning og vöktun mæla í sjó og á landi, í vötnum og ám. Fylgst verður með hitastigi og breytingu á því.
- b) náttúru-, lífríkis- og mannlífsrannsóknir í samstarfi við Grænland, Kanada, Alaska, Noreg, Skotland og Írland er varðar loftslagsbreytingar.
- c) búseturannsóknir á norðurslóð og hugsanlegar raskanir vegna loftslagsbreytinga.

Það má með sanni segja að Vestfirðir séu mjög tengdir þessum málum á Íslandi þar sem þetta landsvæði liggur næst þeim svæðum sem menn hafa verið að rannsaka í tengslum við loftslagsbreytingar. Þá kemur það fram í formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni að leggja beri áherslu á rannsóknir á náttúrunni og rannsóknir á loftslagsbreytingum. Til þessara rannsókna eru Hornstrandir kjörinn vettvangur.

3. að staða minjavarðar Vestfjarða verði staðsett á Náttúrustofu Vestfjarða.

Enginn sérstakur minjavörður er fyrir Vestfirði en minjaverðir Vesturlands og Norðurlands vestra skipta Vestfjörðum á milli sín. Menn eru sammála um að þetta fyrirkomulag gengur ekki upp sökum þess hve víðfemt svæði Vestfirðir eru. Sérstakur minjavörður verður að vera fyrir Vestfirði og hafa sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum stutt það álit sérfræðinga. Þá hefur Ísafjarðarbær lýst því yfir að eðlilegt sé að minjavörðurinn sé staðsettur hjá Náttúrustofunni.

Samkvæmt lögum er ekki gert ráð fyrir sérstökum minjaverði á Vestfjörðum og náist sátt um að sérstakur minjavörður verði fyrir Vestfirði ætti það ekki að vefjast fyrir mönnum að breyta þeim. Hins vegar þarf að tryggja fjármagn fyrir stöðuna sem nauðsynlegt væri að fá inn á fjárlög næsta árs.